Tryggvi Gunnarsson

Sat í stjórn Snæfellings um árabil og var formaður þess um tíma. Sat mörg LH þing og var lykilmaður í uppbyggingu svæðisins á Kaldármelum og formaður fjórðungsmótsnefndar bæði 1988 og 1992. Tryggvi var stjórnarmaður í Hrossaræktarsambandi Vesturlands í 8 ár, hann er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Snæfellingi og HrossVest. Hann hefur stundað hrossarækt ásamt konu sinni Kristínu Lilju Nóadóttur, á jörð sinni á Brimilsvöllum, með góðum árangri. Tryggvi Gunnarsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.